

**125** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Ekkna- og munaðarleys-  
6. okt. ingjasjóð Patrekshrepps, útgefinn á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 6. október 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Ekkna- munaðarleysingjasjóð Patrekshrepps,  
eins og hún var samþykkt á aðalfundi 13. febrúar 1916.

### 1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Ekkna- og munaðarleysingjasjóður Patrekshrepps«.

### 2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Pjetri skipstjóra Björnssyni, Hvítabandsdeildinni á Bildudal og samskotum einstakra manna ár 1897 með kr. 808,00, þá ætl-  
aður til styrktar ekkjum og börnum druknaðra manna í Vestur-Barðastrandarsýslu. Síðan hefir sjóðnum verið skift, og var eign Patrekshrepps 31. desember 1915:

1. Hluti í jörðinni Ytri-Bakka í Tálknafirði virtur á kr.	636,88
2. Í skuldabriefum, sjóðum og peningum	— 468,82
	<hr/>
	kr. 1105,70

### 3. gr.

Eftirlit með sjóðnum hefir sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, kosnir til 3. ára í senn úr flokki styrktarmanna sjóðsins, skulu 2 af þeim kosnir á aðalfundi, en sýslunefnd kýs hinn þriðja. Þeir skifta sjálfir með sjer verkum. Stjórnin sjer um, að ávaxta eignir sjóðsins á sem arðvænlegastan og tryggilegastan hátt.

### 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal vera sam-  
inn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og afhentur endurskoðendum, er skulu hafa endurskodað og afhent stjórn sjóðsins hann fyrir 10. febrúar næstan á eftir með athugasemdum sínum.

Reikningurinn skal síðan lagður fyrir aðalfund með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar. **125**

6. okt.

Aðalfundur úrskurðar reikninginn og sendir hann síðan til oddvita sýslunefndar, er leggur hann fyrir næsta sýslufund.

## 5. gr.

Aðalfundur skal haldinn síðari hluta febrúarmánaðar ár hvert, og skal boða til hans með viku fyrirvara. Atkvæði á fundum hafa þeir einir af styrktarmönnum, sem eru skuldlausir við sjóðinn.

## 6. gr.

Styrktarmeun sjóðsins eru þeir, sem greiða til hans 25 krónur í eitt skifti fyrir öll, eða 2 krónur í árstíllag. Gjaldldagi á árstíllaginu er 15. febrúar ár hvert. Listi yfir nöfn styrktarmanna skal fylgja hverjum ársreikningi.

## 7. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir, er sýslunefnd kýs til 3. ára í senn.

## 8. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árstekjur sjóðsins eru: Jarðarafgjöld, vextir, tillög styrktarmanna og annað, sem sjóðnum kann að áskotnast, og skal þeim varið þannig:

1. Af þeim skal greiddur kostnaður, er leiðir af stjórn sjóðsins.
2. Af því, sem eftir er, leggist  $\frac{1}{3}$  við höfuðstól, en  $\frac{2}{3}$  skal úthluta árlega, ef þörf gerist.

## 9. gr.

Styrkurinn skal aðallega veittur fátækjum ekkjum og munaðarlausum börnum í Patrekshreppi; þó má í sjerstökum tilfellum veita öðrum hreppsúum, sem ekki þiggja af sveit eða standa í sveitarskuld, styrk úr sjóðnum. Við úthlutun styrksins skal þess gætt að láta aðstandendur styrktarmanna sitja fyrir styrknum.

## 10. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar til stjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, og leggur stjórnin þær fyrir næsta aðalfund, með til-

**125** lögum sínum. Aðalfundur ákveður, hvernig og hverjum skuli úthluta styrk, og 6. okt. skal senda sýslunefnd tilkynningu um úthlutunina ásamt ársreikningnum.

11. gr.

Fækki styrktarmönnum svo, að þeir ekki verði fleiri en 5, tekur sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu að sjer umsjón sjóðsins að öllu leyti og störf þau, er á aðalfundi hvíla.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, fyr en höfuðstóllinn er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur, og þá eftir samkomulagi aðalfundar og sýslunefndar.

13. gr.

A skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu 25. apríl til 1. maí 1916.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 19. maí 1916.

*G. Björnsson.*